

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 516/2011**

**2012/EES/32/08**

**frá 25. maí 2011**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 að því er varðar notkun blöndu af *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 í fóður sem inniheldur maurusýru (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir aukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).
- 2) Blanda af *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750, sem tilheyrir flokknum „örverur“ var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>, sem föðuraufefni fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 <sup>(3)</sup>, fyrir eldiskalkúna og kálfa, allt að þriggja mánaða gamla, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005 <sup>(4)</sup> og fyrir eldissvín og smágrisi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2148/2004 <sup>(5)</sup>.
- 3) Framkvæmdastjórninni barst umsókn með beiðni um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni af *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 til að leyfa notkun hennar í föðri fyrir eldis-

kalkúna sem inniheldur maurusýru. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 7. desember 2010 að sýnt hefði verið fram á að blanda af *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750, eins og sett er fram í viðaukanum, væri samrýmanleg við maurusýru til notkunar fyrir eldiskalkúna <sup>(6)</sup>.
- 5) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 600/2005 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 25. maí 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 24.

<sup>(6)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(1), 1953.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir E 1700, varðandi aukefnið *Bacillus licheniformis* DSM 5749 og *Bacillus subtilis* DSM 5750 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005, komi eftirfarandi:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyppingafjöldi (CFU)/kg heilföðurs			
<b>Örverur</b>								
„E 1700	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 5749  <i>Bacillus subtilis</i> DSM 5750  (Í hlutfallinu 1/1)	Blanda af <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 5749 og <i>Bacillus subtilis</i> DSM 5750 sem inniheldur að lágmarki $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis ( $1,6 \times 10^9$ af hvorri bakteríu)	Eldiskalkúnar	—	$1,28 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. Má nota í fôðurlöndur sem innihalda eitt eftirtalinna hnislalyfja: díklasúríl, halófúgínón, natríummónensín, róbenidín, madúramísínammóníum, lasalósídnatríum og rotvarnarefnið maurasýru	Án tímamarka
			Kálfar	3 mánaða	$1,28 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.	Án tímamarka“